

Reglugjörð

um viðauka við og breyting á reglugjörð 21. maí 1908, um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnnum.

Auk stjórnarvalda þeirra, er talin eru í 1. gr. reglugjörðar 21. maí 1908, um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnnum, skulu

Rektor háskólans,
Skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri,
Skólastjóri kennaraskólans,
Skólastjórar bændaskólanna,
Landsbókavörðurinn og
Fornmenjavörðurinn

taldir meðal stjórnarvalda þeirra, er getur um í 11. gr. a., 1. og 12. gr., sbr. 14. gr. í póstlögnum 16. nóv. 1907. Hinsvegar falla forstöðumenn lagaskólans og prestaskólans úr tölu nefndra stjórnarvalda.

Í stjórnarráði Íslands, 20. júní 1911.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.